

# Raufarhöfn og framtíðin

## Tilraunaverkefnið BbII



## Raufarhöfn og framtíðin

**Ársskýrsla 2025**

Nanna Steina Höskuldsdóttir verkefnisstjóri

Útgáfudagur 4. maí 2026

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn.....	3
Meginmarkmið og starfsmarkmið byggðarlags .....	4
Styrkhafar Frumkvæðissjóðs Raufarhafnar og framtíðarinnar II 2025 .....	5
Fundir .....	8
Hugleiðingar verkefnisstjóra í lok árs 2025 .....	9



Mynd 1. Tónleikar Skálmaldar í Heimskautsgerðinu.

Mynd: Axel Þórhallsson

## Inngangur

Hér á eftir verður dregin saman framvinda tilraunaverkefnisins Brothættar byggðir II á Raufarhöfn árið 2025. Raufarhöfn var fyrsta bæjarfélagið sem tók þátt í Brothættum byggðum og hófst á árinu 2012. Íbúáþing var haldið í upphafi árs 2013 og var verkefninu gefið nafnið „Raufarhöfn og framtíðin“ (skammstafað ROF). Verkefninu lauk þegar Byggðastofnun dró sig í hlé úr verkefninu í lok árs 2017.

Núverandi verkefni, „Raufarhöfn og framtíðin II“ er framhald af upprunalega verkefninu „Raufarhöfn og framtíðin“ (2012–2017). Samningur um ROF II var undirritaður í upphafi árs 2025 milli Byggðastofnunar, Norðurþings og SSNE og nær verkefnistíminn til loka árs 2027.

### Meginmarkmið Raufarhafnar og framtíðarinnar eru eftirfarandi:

- Sérstæður áfangastaður
- Traustir grunnatvinnuvegir
- Blómstrandi menntun
- Öflugir innviðir

Þessi meginmarkmið eru orðin 12 ára gömul og því var tekin umræða í verkefnisstjórn hvort tilefni væri til að breyta þeim. Hugmynd þess efnis var einnig rædd á íbúafundum sem haldnir voru í Lundi í Öxarfirði og Hnitbjörgum á Raufarhöfn dagana 15. og 16. maí 2025 en hvorki verkefnisstjórn né íbúar höfðu sterka skoðun á því. Þess vegna var tekin ákvörðun um að gera ekki breytingar að svo stöddu þar sem þessi markmið virðast enn eiga hljómgrunn í samfélaginu.

## Markmið og tilgangur verkefnis í Brothættum byggðum

Markmiðið með Brothættum byggðum er að sporna við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðarlögum landsins. Verkefnið er unnið með því að fá fram skoðanir íbúanna sjálfra á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélag, viðkomandi sveitarfélag, brottflutta íbúa og aðra.

Undirmerkið verkefnisins eru þessi:

- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldursdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
- Að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsroðun málefna.

- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag.
- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Öll þessi markmið eru höfð til hliðsjónar í tilraunaverkefninu ROFII en tilraunaverkefnin eru að því leyti frábrugðin grunnverkefnunum að Byggðastofnun fjármagnar ekki starf verkefnisstjóra í tilraunaverkefninu. Það leiðir til þess að ekki er mögulegt að gera ráð fyrir jafn miklu samtali og samráði við íbúa í tilraunaverkefnunum eins og í grunnverkefninu. Á hinn bóginn er verkefnið leitt af Nönnu Steinu Höskuldsdóttur, starfsmanni SSNE á Raufarhöfn og þannig hafa íbúar góðan aðgang og möguleika á að koma skoðunum sínum á framfæri í verkefninu. Megináherslan í tilraunaverkefninu er á að veita frumkvæðisstyrki til að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið í grunnverkefninu að styðja við framtakssemi og frumkvæði íbúa.

## Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Atvinnu- og samfélagsfulltrúar voru starfandi hjá Norðurþingi/SSNE í ársbyrjun 2025 og hafa verið frá því að eiginlegum verkefnum Brothættra byggða lauk. Það lá því vel við að fá þá starfsmenn til að sinna verkefnum þessa tilraunaverkefnis, strax í upphafi lögðu þessir starfsmenn ríka áherslu á að vinna saman að verkefnunum ROF II og ÖÍS II.

ROF II er sameiginlegt verkefni Byggðastofnunar, Norðurþings og SSNE. Fyrir bæði ROF II og ÖÍSII starfar sameiginleg verkefnisstjórn. Verkefnisstjóri á Raufarhöfn er Nanna Steina Höskuldsdóttir og í Öxarfjarðarhéraði er verkefnisstjóri Einar Ingi Einarsson.

### Verkefnisstjórn 2025–2027

Guðmundur Baldvin Guðmundsson (formaður, Norðurþing)

Olga Friðriksdóttir (fulltrúi íbúa, Raufarhöfn)

Ólafur Gísli Agnarsson (fulltrúi íbúa, Raufarhöfn)

Charlotta V. Englund (fulltrúi íbúa, Öxarfjarðarhérað)

Thomas Helmig (fulltrúi íbúa, Öxarfjarðarhérað)

Hildur Halldórsdóttir (fulltrúi SSNE)

Helga Harðardóttir (fulltrúi Byggðastofnunar)

Kristján Þ. Halldórsson (fulltrúi Byggðastofnunar)

## Meginmarkmið og starfsmarkmið byggðarlags

Verkefnið byggir sem fyrr segir á framtíðarsýn og meginmarkmiðum sem sett voru fyrir verkefnið Raufarhöfn og framtíðina. Markmiðin voru á sínum tíma skilgreind í verkefnisáætlun sem sjá má [hér](#). Framtíðarsýn og meginmarkmiðunum er ætlað að vísa veginn í verkefninu og mælanleg starfsmarkmið eru skilgreind til að varða veginn ná nar.

Þrátt fyrir að nokkuð sé um liðið er verkefnisáætlunin leiðarjós í tilraunaverkefninu þar sem markmið og framtíðarsýn íbúa kemur fram. Verkefnisáætlun getur tekið breytingum að höfðu samráði við íbúa.

## Yfirlit yfir styrkt verkefni

Opnað var fyrir umsóknir í Frumkvæðissjóð Raufarhafnar & framtíðarinnar II þann 7. apríl 2025 og var umsóknarfrestur til 5. maí 2025. Úthlutunarhátíð var haldin á Sólstöðuhátíð á Kópaskeri þann 21. júní.

Frumkvæðissjóður – Úthlutun 2025

Til ráðstöfunar voru 11.000.000 kr. Alls bárust tíu umsóknir að fjárhæð 23.098.769 kr. Styrkveitingar fóru til fjölbreyttra verkefna sem styðja framtíðarsýn ROF II.

Viðmiðunarþættir við mat á umsóknum voru:

- Að verkefnið falli vel að skilaboðum íbúapings og stefnumótun verkefnisins
- Að útkoma nýtist sem flestum íbúum á Raufarhöfn og Melrakkasléttu
- Að verkefnið trufla ekki samkeppni á þjónustusóknarsvæði
- Að verkefnið leiði til atvinnusköpunar, helst á heilsársgrundvelli
- Að verkefnið sé líklegt til árangurs og þekking og/eða reynsla sé til staðar
- Að markaðslegar og/eða rekstrarlegar forsendur séu trúverðugar
- Að áhrifa gæti fyrst og fremst í samfélaginu á Raufarhöfn
- Að verkefnið hvetji til samstarfs og samstöðu
- Að styrkveiting hafi mikil áhrif á framgang verkefnis

## Styrkhafar Frumkvæðissjóðs Raufarhafnar og framtíðarinnar II 2025

### ROF-2025-01 - WOODEN WINGS - Staða verkefnis: Lokið

**Umsækjandi: Rannsóknarmiðstöðin Rif - Upphæð styrks: 825.000 kr.**

*Wooden Wings er skapandi samfélagsverkefni á Raufarhöfn sem tengir ungt fólk við náttúrulegt umhverfi sitt í gegnum listir, vísindi og handverk. Nemendur Grunnskóla Raufarhafnar vinna með listamönnum og sérfræðingum að því að hanna fuglalaga skilti úr endurunnum rekaviði. Hvert skilti inniheldur QR-kóða sem vísar á stafrænt efni – myndir, hljóð og fræðslu – sem nemendur hafa sjálfir útbúið undir handleiðslu sérfræðinga. Skiltin verða sett upp víðs vegar um þorpið og koma til með að mynda varanlega fræðslulód sem fangar og fagnar dýralífi svæðisins.*



Mynd 2: Fugl að verða klár  
Mynd: Pedro Rodrigues



Mynd 3: Unnið að smíði fugla  
Mynd: Pedro Rodrigues

### ROF-2025-02 - ARCTIC BIRD WATCHING - Staða verkefnis: Lokið

**Umsækjandi: Ólafur Gísli Agnarsson - Upphæð styrks: 800.000 kr.**

*Verkefnið fólst í því að ljósmynda náttúru og fuglalíf á Melrakkaslétu og mun efnið birtast á nýrri heimasíðu sem verður búin til fyrir verkefnið. Þetta er undanfari stærra verkefnis sem miðar að þróun ferðatengdrar upplifunar með áherslu á fuglaskoðun og ljósmyndaferðir fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Verkefnið nýtir náttúruauðlindir svæðisins á sjálfbæran hátt og stuðlar að auknum sýnileika og eykur aðdráttarafl Raufarhafnar sem áfangastaðar fyrir náttúruunnendur og ljósmyndara.*

### ROF-2025-03 – VEÐURHLÍFAR - Staða verkefnis: Lokið

**Umsækjandi: Hrólfur Björnsson - Upphæð styrks: 1.500.000 kr.**

*Verkefnið fólst í þróun og smíði veðurhlífa úr trefjaplasti fyrir varmadælu, með það að markmiði að koma vörunni á almennan markað. Framleiðslan mun fara fram á Raufarhöfn í*

samstarfi við starfandi fyrirtæki á staðnum.

Verkefnið byggir á staðbundinni þekkingu og aðstöðu og felur í sér nýsköpun í atvinnurekstri sem getur styrkt efnahagslíf svæðisins og aukið fjölbreytni í atvinnulífi.

## ROF-2025-04 - HANNAÐ VIÐ HEIMSKAUTSBAUG - Staða verkefnis: í vinnslu

**Umsækjandi: Þóra Soffía Gylfadóttir - Upphæð styrks: 2.000.000 kr.**



Mynd 4: Þóra með minjagripina  
Mynd: Tinna Stefánsdóttir

Hannað við heimskautsbaug er nýtt hönnunar- og frumkvöðlaverkefni á Raufarhöfn sem byggir á sérstöðu Heimskautsgerðisins, stærsta útilistaverks Íslands. Verkefnið snýst um að þróa og framleiða minjagripa og hönnunarvörur sem endurspeglar staðaranda, menningu og náttúru svæðisins. Með því að koma upp tækjabúnaði til framleiðslu á staðnum skapast ný atvinnutækifæri á sviði hönnunar, handverks og ferðaþjónustu. Verkefnið sameinar skapandi greinar og samfélagsefningu og markar mikilvægt skref í átt að fjölbreyttara og sjálfbærara atvinnulífi á norðausturhorni landsins.

## ROF-2025-05 - MENNINGARDAGAR Á RAUFARHÖFN - Staða verkefnis: Lokið

**Umsækjandi: Menningardaganefnd - Upphæð styrks: 675.000 kr.**

Verkefnið snéri að því að skipuleggja tónleika á menningardögum á Raufarhöfn en þeir eru haldnir árlega í byrjun október á Raufarhöfn. Verkefnið er liður í því að efla menningarlíf og samveru í samfélaginu. Markmiðið var að bjóða upp á lifandi tónlistarviðburð fyrir íbúa svæðisins.



Mynd 5: Eldri borgarar saman komnir.  
Mynd: Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir



Mynd 6: Eldri borgarar stilla sér upp.  
Mynd: Kristjana Bergsdóttir

**ROF-2025-06 - TANKARNIR Á RAUFARHÖFN - Staða verkefnis: Lokið****Umsækjandi: Gjóla ehf. - Upphæð styrks: 1.100.000 kr.**

Tankarnir á Raufarhöfn hafa fengið nýtt hlutverk – þeim hefur verið umbreytt í listatanka og eru nú aðgengilegir almenningi. Dagskrá sumarsins 2025 var fjölbreytt og áhugaverð, með sýningum og viðburðum sem endurspegluðu skapandi kraft samfélagsins.

Sá hluti verkefnisins sem hér fékk styrk úr frumkvæðissjóði Bbll snéri að kaupum á skjávarpa, sem er mikilvægur fyrir sýningar, og styður við aðra metnaðarfulla og áhugaverða viðburði og sýningar sem fyrirhugaðar eru í Tönkunum á næstu árum.

**ROF-2025-07 - KAJAKLEIGA VIÐ HEIMSKAUTSBAUG - Staða verkefnis: Lokið****Umsækjandi: Gísli Þór Briem - Upphæð styrks: 1.500.000 kr.**

Verkefnið snéri að því starfrækja kajakferðir út frá Raufarhöfn. Hér er um að ræða spennandi og einstakan útivistarkost bæði fyrir heimamenn og ferðafólk. Þar gefst fólki tækifæri til að róa um rómaða náttúrufegurð þar sem fuglasöngur og öldugjálfur mynda náttúrulega tónlist, og öldurnar leika sér við kletta og steina.



Mynd 7: Auglýsing fyrir kajakleigu.

Mynd: Logo á heimasíðu arctickayak.is

**ROF-2025-08 - MORGUNVERÐARADSTAÐA Á HREIÐRINU****Staða verkefnis: Lokið****Umsækjandi: Angela Agnarsdóttir - Upphæð styrks: 600.000 kr.**

Markmiðið var að útbúa aðstöðu fyrir morgunverð á gistiheimilinu Hreiðrinu, en á þann hátt má sinna gestum betur ásamt því að svara eftirspurn gesta um að bjóða upp á morgunmat á gistiheimilinu. Með auknum ferðamannafjölda til Raufarhafnar er þörf á að fjölga stöðum sem bjóða upp á morgunmat.

**ROF-2025-10 - ÆÐARDÚNSSÆNGUR OG KODDAR- Staða verkefnis: Lokið****Umsækjandi: Margrét Rögnvaldsdóttir Upphæð styrks: 2.000.000 kr.**

Æðadúnssængur frá Harðbak á Melrakkasléttu verða nú framleiddar á Raufarhöfn undir vörumerkinu Arctic Circle Eiderdown. Auk þess stendur til að opna vinnustofu fyrir heimafólk og ferðamenn, kynna æðarrækt, æðardún og æðadúnssængur.

## Fundir

Verkefnisstjórn hélt fjóra formlega fundi á árinu og fóru þeir allir fram í gegnum fjarfundarbúnað. Sá fyrsti fór fram þann 18. mars. Á þeim fundi kynnti verkefnisstjórnin sig og farið var yfir tilraunaverkefnið, viðhorfskannanir meðal íbúa og samráð. Að auki var farið yfir úthlutunarferlið og tímalína ákveðin. Súpufundir með íbúum voru ákveðnir (sjá nánar hér að neðan). Annar fundur verkefnisstjórnarinnar fór fram þann 30. apríl þar sem rætt var um súpufundina sem almenn ánægja var með. Eins var skipað í undirbúningshópa þeirra sem myndu sjá um að lesa yfir umsóknirnar og koma með tillögur að styrkjum. Farið var yfir fyrirkomulagið varðandi skjalavistun og hvar gögnin verði geymd. Rætt var um íbúakannanir og tímasetning á úthlutunarfundi ákveðin.

Undirbúningsfundirnir voru tveir talsins en á þeim fundum hittust verkefnisstjórar hvors svæðis ásamt undirbúningsnefndum sem skipaðar höfðu verið áður. Þessir fundir fóru fram 15. og 16. maí og var Raufarhöfn á undan. Um var að ræða tvo hópa, annar fyrir Raufarhöfn & framtíðin II (ROF II) og hinn fyrir Öxarfjörð í sókn II (ÖÍS II) og var þessum hópum ætlað að fara yfir allar umsóknir á sínu svæði og koma með tillögur að styrkjum til verkefnisstjórnar. Verkefnisstjórar hvors svæðis tóku svo saman þessar tillögur og settu í greinargerð sem send var verkefnisstjórn fyrir úthlutunarfund sem fram fór þann 11. júní.

Tveir íbúafundir voru haldnir, einn fyrir hvort svæði og fóru þeir fram í Lundi í Öxarfirði og Hnitbjörgum á Raufarhöfn. Þetta voru svokallaðir súpufundir þar sem verkefnisstjórar kynntu Frumkvæðissjóðinn og allt í kringum umsóknarferlið. Umræður fylgdu í kjölfarið og samfara þeim gæddi fólk sér á súpu.

Síðasti fundur ársins fór fram þann 15. september en á þeim fundi var farið stuttlega yfir öll verkefni sem fengu styrk og hver staða þeirra væri á þessum tímapunkti.

Rætt var um hvenær byrja ætti að auglýsa fyrir næstu úthlutun og var sammælt um að byrja strax í janúar.

Ákveðið var að fara fyrir Byggðarráð með kynningu á verkefnunum til að auka umfjöllun um Brothættar byggðir II.

## Hugleiðingar verkefnisstjóra í lok árs 2025

Tilraunaverkefnið *Raufarhöfn og framtíðin II* hefur á árinu 2025 staðfest að verkefnið er bæði þarft og áhrifaríkt. Verkefnið hefur verið mjög sýnilegt í samfélaginu og ljóst er að það kveikir áhuga, eflir samtal og byggir upp traust og samvinnu milli íbúa, frumkvöðla, sveitarfélags og annarra samstarfsaðila. Árangur fyrstu úthlutunar úr Frumkvæðissjóði sýnir að þegar rými er skapað fyrir frumkvæði og hugmyndir, bregðast íbúar við með metnaði og framkvæmdavilja.

### Helstu styrkleikar og áhrif verkefnisins á árinu eru m.a.:

- Verkefnið hefur skapað virkan vettvang fyrir samtal, hugmyndavinnu og samstöðu í samfélaginu.
- Frumkvæðissjóðurinn hefur reynst öflugur hvati fyrir ný verkefni og sýnt fram á fjölbreytni hugmynda og möguleika til atvinnusköpunar og samfélagsefingar.
- Sýnilegur aukinn áhugi íbúa á öðrum sjóðum.
- Sýnileiki verkefnisins hefur aukið traust íbúa til þróunarstarfs og styrkt tengsl milli íbúa og stofnana.
- Samstarf ROF II og ÖÍS II hefur aukið þekkingarmiðlun milli svæða og styrkt faglega nálgun verkefnisstjórnar.

Á sama tíma hefur reynslan einnig sýnt að verkefnið er krefjandi. Tilraunaverkefnið bætist ofan á önnur verkefni sem atvinnu- og samfélagsfulltrúar sinna og kallar á mikla nærveru, eftirfylgni, samskipti og stuðning við umsækjendur og íbúa.

Verkefnisstjóri telur allt benda til þess að verkefnið myndi njóta enn meiri slagkrafts ef mögulegt væri að ráða inn starfsmann í afmarkað stöðugildi sem gæti stutt við framkvæmd verkefnisins, utanumhald, eftirfylgni og samfélagstengingu. Slíkur stuðningur myndi létta undir með verkefnisstjórum og samfélagsfulltrúum og tryggja að sá kraftur og áhugi sem verkefnið kveikir fái að njóta sín til fulls. Þannig gætu atvinnu- og samfélagsfulltrúar verið innan handar, veitt stuðning og slíkt en ekki séð um eiginlega framkvæmd.

Eins og áður sagði vinna verkefnisstjórar ROF II og ÖÍS II náið saman og skipta með sér verkefnum, það er mat verkefnisstjóra að ef slík samvinna væri ekki til staðar gæti verkefnið ekki gengið upp á þessum forsendum.

Þrátt fyrir þessar áskoranir er skýr vilji til staðar til að halda verkefninu áfram. Verkefnið hefur sannað gildi sitt sem mikilvægt tæki til samfélagsþróunar á Raufarhöfn og sýnt að þörfin fyrir áframhaldandi stuðning við frumkvæði og samvinnu íbúa er mikil. Áskoranirnar undirstrika jafnframt mikilvægi þess að slíkir verkefni séu studd með nægilegum mannafla og skýrri umgjörð til að tryggja sjálfbærni og árangur til lengri tíma.

Nanna Steina Höskuldsdóttir, verkefnisstjóri